

# HANDBÓK RANNSÓKNASJÓÐS

REGLUR RANNSÓKNASJÓÐS FYRIR  
UMSÆKJENDUR, FAGRÁÐ OG YTRI MATSMENN

2020

Útgáfa 5.0



## Útgáfa 5.0

**Stjórn Rannsóknasjóðs hefur samþykkt handbókina fyrir 2020 (útgáfu 5.0).**

**Eftirfarandi eru helstu breytingar frá síðasta styrkari (útgáfu 4.0)**

Helstu breytingar eru þær að orðalagi hefur verið breytt á nokkrum stöðum og texta endurraðað til þess að gera textann skýrari.

Eina efnislega breytingin er sú að leyfður er hærri útgáfukostnaður fyrir öndvegisstyrki (bls. 5): „Ef um öndvegisstyrk er að ræða er hægt að sækja um allt að 1 milljón krónur.“

## Efnisyfirlit

Formáli .....	1
1 Almennar upplýsingar varðandi Rannsóknasjóð .....	1
1.1 Hlutverk Rannsóknasjóðs .....	1
1.2 Stjórn Rannsóknasjóðs .....	1
1.3 Sérfræðingar Rannsóknasjóðs .....	1
1.4 Siðareglur umsýsluaðila .....	1
1.5 Vanhæfisreglur .....	1
1.6 Siðareglur umsækjanda og öflun tilskilinna leyfa .....	2
1.7 Misferli .....	2
1.8 Opið aðgengi að niðurstöðum .....	2
2 Reglur og leiðbeiningar til umsækjanda .....	3
2.1 Styrktegundir .....	3
2.1.1 Verkefnisstyrkir .....	3
2.1.2 Öndvegisstyrkir .....	3
2.1.3 Rannsóknastöðustyrkir .....	4
2.1.4 Doktorsnemastyrkir .....	4
2.2 Samþykktur kostnaður .....	4
2.2.1 Laun .....	4
2.2.2 Rekstrarkostnaður .....	4
2.2.3 Aðkeypt þjónusta .....	4
2.2.4 Tækjakaup .....	5
2.2.5 Útgáfukostnaður .....	5
2.2.6 Ferðakostnaður .....	5
2.2.7 Samrekstur og aðstaða .....	5
2.3 Hvað á umsókn að innihalda? .....	5
2.4 Tímasetningar .....	7
2.5 Mat á nýjum umsóknum .....	7
2.6 Fagráð rannsóknasjóðs .....	7
2.7 Fjölfaglegar umsóknir .....	8
2.8 Tilkynning til rannsóknastjóra .....	8
3 Matsferli nýrra umsókna .....	8
3.1 Skipun fagráða .....	8
3.2 Meðhöndlun umsókna .....	8
3.2.1 Forskoðun .....	8

3.2.2	Faglegt mat á umsóknum .....	8
3.2.3	Ákvörðun um styrkveitingu .....	9
3.3	Eftir að styrkur er veittur .....	9
3.3.1	Styrkveitingar .....	9
3.3.2	Dreifing árlegra greiðslna styrktra verkefna.....	9
3.3.3	Framvinduskýrslur .....	9
4	Leiðbeiningar til fagráðsmanna.....	9
4.1	Rafrænt matskerfi.....	10
4.2	Matsferlið .....	10
4.3	Fagráðsfundir.....	10
5	Leiðbeiningar til ytri matsmanna.....	11
5.1	Almennar upplýsingar.....	11
5.1.1	Nafnleynd ytri matsmanna.....	11
5.1.2	Vanhæfi .....	11
5.2	Ytri matsmenn – leiðbeiningar .....	11
Viðauki 1	.....	13

## FORMÁLI

Þetta er fimmta útgáfa af Handbók Rannsóknasjóðs fyrir umsækjendur, fagráð og ytri matsmenn, sem gildir fyrir styrkárið 2020. Markmið hennar er að auka gegnsæi ferlisins fyrir alla sem koma að því, allt frá auglýsingu umsóknarfrests að styrkveitingu og utanumhaldi um veittan styrk. Í handbókinni eru reglur sjóðsins og ýmsar gagnlegar upplýsingar svo sem um réttindi og skyldur styrkþega. Handbókin er gefin út árlega í tengslum við auglýstan umsóknarfrest. Til að handbókin gegni hlutverki sínu eru allir sem koma að ferlinu (umsækjendur, fagráðsmenn og ytri matsmenn) hvattir til að lesa hana í heild sinni.

## 1 ALMENNAR UPPLÝSINGAR VARÐANDI RANNSÓKNASJÓÐS

### 1.1 HLUVERK RANNSÓKNASJÓÐS

Rannsóknasjóður er opinn samkeppnissjóður sem starfar samkvæmt lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir (nr. 3/2003 með áorðnum breytingum). Hlutverk sjóðsins er að styrkja vísindarannsóknir og rannsóknartengt framhaldsnám á Íslandi. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn skilgreind rannsóknarverkefni einstaklinga, rannsóknarhópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja, sem og nemendur í rannsóknartengdu framhaldsnámi. Rannsóknasjóður veitir styrki samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs, úthlutunarstefnu sjóðsins sem samþykkt er af vísindanefnd og á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknarverkefna, færni einstaklinganna sem stunda rannsóknirnar og aðstöðu þeirra til að sinna verkefninu.<sup>1</sup>

### 1.2 STJÓRN RANNSÓKNASJÓÐS

Ráðherra skipar fimm manna stjórn til þriggja ára í senn samkvæmt tilnefningu vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs. Að skipun lokinni eru nöfn stjórnarmanna birt á vef Rannís. Stjórn sjóðsins samþykkir úthlutunarreglur og leiðbeiningar og

tekur ákvarðanir um fjárveitingar úr sjóðunum að fengnum umsögnum fagráða.

### 1.3 SÉRFRÆÐINGAR RANNSÓKNASJÓÐS

Sérfræðingar Rannsóknasjóðs hjá Rannís veita upplýsingar og aðstoð virka daga frá 9:00 – 16:00. Almennum spurningum varðandi sjóðinn og umsóknir sem eru í matsferli skal beint til sérfræðinga Rannsóknasjóðs.

### 1.4 SIÐAREGLUR UMSÝSLUAÐILA

Meðlimir stjórnar Rannsóknasjóðs, meðlimir fagráða Rannsóknasjóðs, ytri matsmenn, sérfræðingar sjóðsins og aðrir sem koma að umsýslu umsókna í sjóðinn eru bundnir algerum trúnaði. Farið er með allar umsóknir, fylgigögn þeirra og matsblöð sem trúnaðarmál. Þessi trúnaðargögn má ekki nota í neinum öðrum tilgangi en við faglegt mat og þau má ekki birta, gefa út eða sýna þriðja aðila með öðrum hætti. Afrit skulu aðeins vera útbúin af trúnaðargögnum þessum ef það þykir nauðsynlegt vegna faglegs mats. Að matsferli loknu skal varðveita umsókn og matsblöð í rafrænu skjalasafni Rannís. Fagráð Rannsóknasjóðs eru meðvituð um að birting eða ólögmaet nýting trúnaðarupplýsinga geta valdið eigendum þeirra óbætanlegu tjóni. Eigandi trúnaðarupplýsinga á rétt á að leita til dómstóls sem lögsögu hefur í málinu og krefjast tiltekinna aðgerða, fara fram á bann við frekari uppljóstrun eða öðrum brotum og/eða setja fram aðrar kröfur sem eigandi upplýsinganna telur viðeigandi. Slíkur réttur eiganda kemur til viðbótar þeim úrræðum sem standa skráðum eiganda eða þeim sem leiðir rétt frá honum (raunverulegum eiganda) til boða.

### 1.5 VANHÆFISREGLUR

Þegar um vanhæfi umsýsluaðila er að ræða getur viðkomandi stjórnarmaður, fagráðsmaður eða ytri matsmaður ekki tekið þátt í umfjöllun um umsóknina. Ytri matsmenn geta ekki tekið að sér að meta viðkomandi umsókn og fagráðsmenn og stjórnarmenn þurfa að víkja af fundi þegar fjallað er um viðkomandi umsókn og ákvörðun um styrk er tekin. Þetta skal skráð í fundargerðir. Til viðbótar við vanhæfisástæður sem taldar eru upp í

<sup>1</sup> <http://www.vt.is/>

Stjórnsýslulögum (nr. 37/1993) <sup>2</sup> valda eftirtalin atriði vanhæfi hjá ytri matsmönnum, fagráðsmönnum og stjórnarmönnum Rannsóknasjóðs:

- Náin vinátta, fjölskyldutengsl eða mægðir ytri matsmanns, fagráðsmanns eða stjórnarmanns við umsækjanda.
- Persónuleg andstaða ytri matsmanns, fagráðsmanns eða stjórnarmanns við umsækjanda.
- Fagleg samkeppni milli ytri matsmanns, fagráðsmanns eða stjórnarmanns og umsækjanda.
- Fagráðsmenn geta hvorki verið verkefnisstjórar á umsókn í Rannsóknasjóð né meðumsækjendur á umsókn í því fagráði sem þeir sitja í.
- Ytri matsmenn mega ekki eiga aðild að umsókn í Rannsóknasjóð.
- Ef stjórnarmaður er þátttakandi í umsókn þarf hann að segja sig frá umfjöllun um úthlutun viðkomandi styrkars og þarf þá að kalla inn varamann.

Ef viðkomandi stjórnarmaður eða fagráðsmaður er starfsmaður stofnunar eða fyrirtækis og umsókn frá starfsmönnum sömu stofnunar eða fyrirtækis er til umfjöllunar, verður að meta hversu náin tengsl eru við þá starfsmenn og/eða yfirmenn viðkomandi stofnunar. Þessi tengsl þurfa ekki nauðsynlega að leiða til vanhæfis.

Stjórnarmenn, fagráðsmenn og ytri matsmenn eru ábyrgir fyrir því að koma auga á kringumstæður sem skapa þeim vanhæfi við að fjalla um umsóknir í Rannsóknasjóð.

## 1.6 SIÐAREGLUR UMSÆKJANDA OG ÖFLUN TILSKILINNA LEYFA

Umsækjandi skal taka fram í umsókn hvort rannsóknarverkefnið innihaldi þætti sem þarf að skoða sérstaklega með tilliti til almennra siðareglna. Í slíkum tilfellum þarf að útskýra hvað í því felst og hvernig verður tekið á þessum þáttum. Viðeigandi leyfi<sup>3</sup> þurfa að liggja fyrir. Ef leyfisumsókn er enn í vinnslu þegar umsóknarfrestur í Rannsóknasjóð

rennur út skal þess getið í umsókninni og skal leyfinu skilað inn til Rannsóknasjóðs um leið og það fæst eða tilkynnt um ef leyfi hefur ekki fengist. Ekki er gengið frá samningi fyrr en öll nauðsynleg leyfi liggja fyrir.

Umsækjanda ber að virða alþjóðlegar reglur og samþykktir þar sem slíkt á við, til dæmis um meðferð lífsýna og nýtingu einkaleyfa.

## 1.7 MISFERLI

Vakni grunur um misferli, uppspuna, falsanir, ritstuld eða misnotkun í tengslum við umsókn eða styrkt verkefni í umsóknarferli, á styrktímabili eða eftir að styrktímabili lýkur, verður stofnun viðkomandi og stjórn Rannsóknasjóðs gert viðvart án undantekninga.

Vakni grunur um misferli í matsferli verður umsókn dregin út úr ferlinu meðan stofnun umsækjanda fær tækifæri til að rannsaka hvort grunurinn reynist á rökum reistur. Reynist allt með felldu verður umsóknin sett í matsferli á ný. Sannist misferli verður umsókn vísað frá mati og stofnun umsækjanda gerð ábyrg fyrir viðeigandi ráðstöfunum.

Stjórn Rannsóknasjóðs getur einnig haft frumkvæði að sjálfstæðri rannsókn á ásökunum um misferli.

Komist upp um misferli í umsóknarferli, á styrktímabili eða eftir styrktímabil getur stjórn Rannsóknasjóðs ákveðið sérstök viðurlög svo sem að hluti eða allt styrkfé verði endurgreitt eða að umsækjanda verði meinað að sækja í sjóðinn.

## 1.8 OPIÐ AÐGENGI AÐ NIÐURSTÖÐUM

Samkvæmt lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003 með áorðnum breytingum, skal birta niðurstöður rannsókna sem fjármagnaðar eru með opinberu fé í opnu aðgengi. Styrkþegar Rannsóknasjóðs skulu tryggja að niðurstöður verði aðgengilegar í opnu aðgengi með því að annars vegar birta í tímaritum sem gefin eru út í opnu aðgengi eða í rafrænu varðveislusafni samhliða birtingu í hefðbundnu áskriftartímariti.

<sup>2</sup> <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1993037.html>

<sup>3</sup> Vísindasiðanefnd ([vísindasidanefnd.is](http://vísindasidanefnd.is)), Persónuvernd ([personuvernd.is](http://personuvernd.is)), Matvælastofnun ([mast.is](http://mast.is)) o.fl.

Lokaútgáfa ritrýnds handrits skal send varðveislusafni um leið og greinin hefur verið samþykkt til birtingar. Ef tímaritið fer fram á biðtíma áður en greinin verður aðgengileg í opnu aðgengi verður hún birt sjálfkrafa að þeim tíma loknum. Vinsamlegast kynnið ykkur reglur Rannís um varðveislusófn<sup>4</sup>. Opinvisindi.is heldur utan um varðveislusafn fyrir íslenska háskóla.

Lög um opið aðgengi eiga aðeins við um birtingar niðurstaðna í ritrýndum vísindatímaritum.

Styrkþegar skulu geta Rannsóknasjóðs og styrknúmers verkefnis í öllum birtingum niðurstaðna<sup>5</sup>: „Rannsóknin var styrkt af Rannsóknasjóði, styrknúmer... „ , á ensku: „*This work was supported by the Icelandic Research Fund, grant number...*“.

## 2 REGLUR OG LEIÐBEININGAR TIL UMSÆKJANDA

### 2.1 STYRKTEGUNDIR

Umfang Rannsóknasjóðs er um 2,5 milljarðar króna á ári og skiptist sú upphæð milli nýrra styrkja og skuldbindinga vegna eldri styrkja. Boðið er upp á fjórar styrktegundir; verkefnisstyrki, öndvegisstyrki, rannsóknastöðustyrki og doktorsnemastyrki (tafla 1) og eru styrkirnir veittir í allt að 36 mánuði.

Hvatt er til alþjóðlegs samstarfs í umsóknum. Styrkir eru hins vegar aðeins greiddir inn á bankareikning íslenskra stofnana eða fyrirtækja.

Styrki Rannsóknasjóðs má nota til að samfjármagna alþjóðlega styrkt verkefni með svipað viðfangsefni.

Umsóknir þurfa að uppfylla öll skilyrði um styrkhæfi til að fá faglegt mat. Ef í ljós kemur meðan á matsferli stendur að eitt eða fleiri skilyrði eru óuppfyllt verður umsókn tekin úr matsferli.

Verkefnisstjórar þurfa að hafa lokið rannsóknar-tengdu framhaldsnámi við viðurkenndan háskóla (á ekki við um umsækjendur um doktorsnemastyrki).

Leyfilegt er að skörun sé á milli verkefna þegar sótt er um mismunandi styrktegundir. Því er t.d. hægt að sækja um verkefnisstyrk fyrir verkefni með markmið sem skarast við markmið öndvegisverkefnis að því gefnu að samræmi sé á milli umfangs og kostnaðar. Sama gildir um aðrar styrktegundir. Ekki er veittur styrkur til fleiri en eins verkefnis með markmiðum sem skarast.

Tafla 1 gefur upplýsingar um mismunandi styrktegundir. Gert er ráð fyrir tiltölulega jafnri dreifingu kostnaðar milli ára.

Styrktegund	Hámarks lengd (mánuðir)	Hámarksupphæð (ISK)
Öndvegisstyrkur	36	120.000.000
Verkefnisstyrkur	36	45.000.000
Rannsóknastöðustyrkur	36	24.000.000
Doktorsnemastyrkur	36	16.000.000

Tafla 1. Styrktegundir, hámarks lengd og hámarksupphæð styrkja (án samreksturs og aðstöðu)

#### 2.1.1 VERKEFNISSTYRKIR

Hægt er að sækja um verkefnisstyrki til ýmissa vísindarannsókna. Það styrkir umsóknir um verkefnisstyrki ef gert er ráð fyrir þjálfun ungra vísindamanna með þátttöku framhaldsnema og/eða nýdoktora. Styrkupphæð til verkefnis getur að hámarki verið 45 milljónir króna fyrir 36 mánaða verkefni, 30 milljónir fyrir 24 mánaða verkefni og 15 milljónir fyrir 12 mánaða verkefni. Styrkurinn úr Rannsóknasjóði nemur að hámarki 85% af heildarkostnaði verkefnis.

#### 2.1.2 ÖNDVEGISSTYRKIR

Öndvegisstyrkir eru ætlaðir til umfangsmikilla rannsóknarverkefna sem eru líkleg til að skila íslenskum rannsóknum í fremstu röð á alþjóðavettvangi. Öndvegisstyrkir eru ætlaðir rannsóknarhópum og gert er ráð fyrir að auk eins eða fleiri verkefnisstjóra séu einnig meðumsækjendur og aðrir þátttakendur á slíkum umsóknum. Gert er ráð fyrir þjálfun ungra vísindamanna í öndvegisverkefnum með þátttöku framhaldsnema og/eða nýdoktora. Staðfest samstarf við erlenda vísindamenn og stofnanir

<sup>4</sup> <https://www.rannis.is/starfsemi/opinn-adgangur>

<sup>5</sup> <https://www.rannis.is/sjodir/rannsoknir/rannsokn-asjodur/upplýsingar-til-styrktheega/>

styrkir umsóknina. Öndvegisstyrkir eru veittir í allt að 36 mánuði. Styrkuppþæð til verkefnis getur að hámarki verið 120 milljónir króna fyrir 36 mánaða verkefni, 80 milljónir fyrir 24 mánaða verkefni og 40 milljónir fyrir 12 mánaða verkefni. Styrkurinn úr Rannsóknasjóði nemur að hámarki 85% af kostnaði verkefnis.

### 2.1.3 RANNSÓKNASTÖÐUSTYRKIR

Rannsóknastöðustyrkir eru ætlaðir til uppbyggingar starfsframa ungra vísindamanna innan rannsóknasamfélagsins. Umsækjendur um rannsóknastöðustyrki verða að hafa fengið doktorsnafnbót í mesta lagi sjö árum áður en umsóknarfrestur rennur út. Afrit af útskriftarskírteini skal fylgja umsókn eða skilað í síðasta lagi 1. desember 2019. Tekið er tillit til hlés sem hefur orðið á rannsóknafæri vegna foreldraleyfis eða veikindaleyfis sé slíkt útskýrt í ferilskrá. Staðfesting frá íslenski gestgjafastofnun verður að liggja fyrir og styrkir það umsókn ef sótt er um rannsóknastöðu við aðra stofnun en veitti doktorsgráðu. Styrkuppþæð til verkefnis getur að hámarki verið 24 milljónir króna fyrir 36 mánaða verkefni, 16 milljónir fyrir 24 mánaða verkefni og 8 milljónir fyrir 12 mánaða verkefni. Styrkurinn úr Rannsóknasjóði nemur allt að 100% af heildarkostnaði verkefnis. Umsækjandi skal gera grein fyrir samhengi verkefnisins við fyrri rannsóknir, hvernig verkefnið muni stuðla að starfsframa og segja frá framtíðaráætlunum í rannsóknnum. Styrkurinn er persónubundinn og ef styrkþegi fær ráðningu í launaða stöðu á tímabilinu fellur styrkurinn niður frá þeim tíma þegar ráðningin tekur gildi.

### 2.1.4 DOKTORSNEMASTYRKIR

Styrkir ætlaðir doktorsnemunum sem sækja um í eigin nafni. Umsækjendur um doktorsnemastyrki verða að hafa verið samþykktir inn í doktorsnám við íslenskan háskóla og skal vottorð þess efnis frá rannsóknastjóra, Nemendaskrá Háskóla Íslands eða sambærilegum skrifstofum fylgja umsókn. Styrkirnir fjármagna laun nemans og allt að 300 þúsund krónur í ferðakostnað á ári. Annar verkefnistengdur kostnaður fellur á leiðbeinanda eða stofnun viðkomandi. Doktorsnemastyrkir eru veittir í allt að 36 mánuði. Styrkuppþæð getur að hámarki verið 16 milljónir króna fyrir 36 mánaða verkefni, 10,6 milljónir fyrir 24 mánaða verkefni og 5,3 milljónir

fyrir 12 mánaða verkefni. Styrkurinn úr Rannsóknasjóði nemur allt að 100% af heildarkostnaði verkefnis. Hægt er að sækja um laun fyrir doktorsnema í verkefnisstyrkjum og öndvegisstyrkjum en sami nemi getur aldrei fengið hærri styrk en sem nemur 12 mannmánuðum samtals á ári. Doktorsgráðan skal vera veitt frá íslenskum háskóla en möguleiki er á sameiginlegri gráðu með erlendum háskóla. Styrkirnir eru til 3 ára með möguleika á eins árs framlengingu. Hægt er að sækja um styrk til eins árs til að ljúka doktorsnámi sem styrkt hefur verið á annan hátt í allt að 3 ár. Veittir verða doktorsnemastyrkir fyrir allt að 45 mannaárum (svarar til 15 doktorsnemastyrkja).

## 2.2 SAMÞYKKTUR KOSTNAÐUR

### 2.2.1 LAUN

Rannsóknasjóður styrkir laun vísindamanna, framhaldsnema og rannsóknamanna. Ekki þurfa allir þátttakendur að vera nafngreindir þegar umsóknarfrestur rennur út en vinnuframlag allra þátttakenda sem sótt er um laun fyrir verður að vera skilgreint í umsókn. Hægt er að sækja um laun í allt að 12 mánuði fyrir meistaranema. Rannsóknasjóður styrkir ekki greiðslu launa til þeirra sem eru á fullum launum í öðrum störfum (þ.m.t. lífeyrisþega), greiðslu á yfirvinnu vegna rannsókna eða til kaupa á kennsluafslætti.

### 2.2.2 REKSTRARKOSTNAÐUR

Hægt er að sækja um kostnað vegna nauðsynlegra aðfanga fyrir verkefnið. Gera þarf grein fyrir öllum rekstrarkostnaði sundurliðað í viðeigandi reitum í lið 4 í rafræna umsóknareyðublaðinu. Ekki er hægt að sækja um kostnað vegna liða sem falla undir samrekstur og aðstöðu, þar með talinn almennan skrifstofubúnað svo sem tölvur. Óútskýrður kostnaður verður ekki samþykktur.

### 2.2.3 AÐKEYPT ÞJÓNUSTA

Undir þennan lið fellur vinna sem ekki er unnin af þátttakendum í verkefninu, en er nauðsynleg fyrir framgang þess. Gera þarf grein fyrir öllum kostnaði vegna aðkeyptrar þjónustu sundurliðað í viðeigandi reitum í lið 4 í rafræna umsóknareyðublaðinu. Tilboð vegna aðkeyptrar þjónustu skal liggja fyrir við undirskrift samninga.



## Ekki er hægt að sækja um fjármögnun samrekstrar og aðstöðu vegna aðkeyprar þjónustu.

### 2.2.4 TÆKJAKAUP

Heimilt er að sækja um allt að 2 milljónir króna vegna kaupa á tækjum og búnaði. Tilboð frá seljanda/ framleiðanda vegna tækjakaupa skal liggja fyrir við undirskrift samninga. Hægt er að sækja um dýrari tæki og búnað til Innviðasjóðs<sup>6</sup>.

### 2.2.5 ÚTGÁFUKOSTNAÐUR

Hægt er að sækja um allt að 500 þúsund krónur vegna birtingarkostnaðar fyrir verkefnis- og rannsóknastöðustyrki. Ef um öndvegisstyrk er að ræða er hægt að sækja um allt að 1 milljón króna. Hægt er að dreifa upphæðinni yfir samningstímann.

### 2.2.6 FERÐAKOSTNAÐUR

Hér skal færa samtölu kostnaðar vegna ferða sem eru nauðsynlegar fyrir framgang verkefnisins. Í skýringum skal færa rök fyrir öllum ferðum og á hvern hátt þær tengjast verkefninu

### 2.2.7 SAMREKSTUR OG AÐSTAÐA

Hægt er að sækja um allt að 25% af sóttum styrk, að aðkeyprtri þjónustu undanskilinni, til að fjármagna samrekstur og aðstöðu. Um er að ræða kostnað vegna skrifstofu- og rannsóknaraðstöðu svo sem leigu, hita, rafmagn, stjórnun rekstrareininga, bóka- og tímaritakaup, kaup og rekstur á tölvubúnaði o. fl. Upphæðin leggst ofan á sóttan styrk og því getur heildartalan orðið hærri en það sem gefið er upp í töflu 1 sem hámarksstyrkur.

## 2.3 HVAÐ Á UMSÓKN AÐ INNIHALDA?

Til að teljast gild verður umsókn að innihalda:

- A. verkefnislýsingu á sniðmáti sjóðsins – sérsniðið eyðublað fyrir styrkárið 2020 er aðgengilegt í umsóknarkerfi (ekki er gefið sniðmát fyrir önnur skjöl)
- B. ferilskrá umsækjanda

Eftirfarandi verður að fylgja þar sem það á við:

- C. samstarfsyfirlýsing ef aðrir þátttakendur (“*other participants*”) eru skráðir í umsókn
- D. yfirlýsing gestgjafastofnunar, sem og
- E. doktorsskírteini vegna umsókna um rannsóknastöðustyrki
- F. staðfesting á inntöku doktorsnema vegna umsókna um doktorsnemastyrki

Faglegt mat á umsókn byggir eingöngu á þeim upplýsingum sem gefnar eru í umsókn og tilheyrandi viðaukum. **Ekki er tekið við gögnum eftir að umsóknarfrestur rennur út. Umsóknum þar sem ekki er notast við rétt sniðmát fyrir verkefnislýsingu verður vísað frá mati.** Slík frávísun getur átt sér stað hvenær sem er í matsferlinu.

Eingöngu er tekið við umsóknum í gegnum rafrænt umsóknarkerfi Rannís.

### Viðhengi A. Verkefnislýsing

Nota skal sérsniðið eyðublað (sniðmát) sem finna má í umsóknarkerfinu fyrir verkefnislýsingu.

Í sniðmátinu er notað 12 pkt. Times/Times New Roman letur með línubilinu 1,5 og 2,5 cm spássíu.

Verkefnislýsingunni er skipt upp í eftirfarandi kafla sem ekki má breyta:

- a) Markmið verkefnisins, rannsóknarspurningar/tilgátur, raunhæfi, nýnæmi og áhrif
- b) Núverandi staða þekkingar á sviðinu
- c) Rannsóknaráætlun (tíma- og verkáætlun, aðferðir, vörður, núverandi staða verkefnis o.fl.) og afurðir. Vísa ber til nákvæmari lýsingar á vörðum og afurðum sem finna má í lið 3 í rafræna umsóknarkerfinu. Gera skal grein fyrir hvaða leyfa þurfi að afla
- d) Verkefnisstjórnun og samstarf (innlent /erlent)
- e) Áætlaðar birtingar niðurstaðna og gagna (ásamt áætlun um birtingar í opnu aðgengi)
- f) Framlag doktors- og meistaranema
- g) Framtíðaráform í rannsóknnum (á við um rannsóknastöðustyrki)

<sup>6</sup> <https://www.rannis.is/sjodir/rannsoknir/innvidasjodur/>

**Til að gæta jafnræðis allra umsækjenda er umsóknum þar sem ekki er notað rétt eyðublað og sniðmát vísað frá.** Umsækjendur verða beðnir um að staðfesta að þeir hafi notað rétt eyðublað og sniðmát áður en þeir senda inn umsóknina.

Áður en verkefnislýsingunni er hlaðið inn í umsóknarkerfið er heimildaskráin tekin frá og sett í sér skjal. Þessum tveimur skjölum er hlaðið inn hvoru fyrir sig sem pdf-skrám. Umsóknarkerfið telur blaðsíðufjöldann í verkefnislýsingunni en ekki í heimildaskránni. Verkefnislýsingin má að hámarki vera 20 síður fyrir öndvegissstyrksumsókn, 15 síður fyrir verkefnisstyrksumsókn, 12 síður fyrir rannsóknastöðustyrksumsókn og 5 síður fyrir doktorsnemastyrksumsókn. Við verkefnislýsinguna bætist forsíða og leiðbeiningasíða, þannig að umsóknarkerfið leyfir að hlaðið sé upp 22 síðna pdf-skrá fyrir öndvegissstyrksumsókn, 17 síðna pdf-skrá fyrir verkefnisstyrksumsókn, 14 síðna pdf-skrá fyrir rannsóknastöðustyrksumsókn og 7 síðna pdf-skrá fyrir doktorsnemastyrksumsókn.

Til að auðvelda faglegt mat á umsókninni er mikilvægt að verkefnislýsingin sé vönduð. Sjá má þættina sem hafðir eru til hliðsjónar við matið í leiðbeiningum til ytri matsmanna (kafli 5). Hafa skal eftirfarandi atriði í huga:

- Mikilvægt er að verkefnið hafi vel skilgreindar rannsóknasurningar/tilgátur og markmið og sé skipt í vel afmarkaða verkþætti.
- Lýsa þarf hverjum verkþætti fyrir sig, tengingum við aðra verkþætti í verkefninu og áætla tíma sem fer í hvern verkþátt.
- Gera verður grein fyrir þeim rannsóknaraðferðum sem notaðar eru og af hverju þær eru notaðar í hverju tilfalli. Aðferðafræði við söfnun upplýsinga og mat á gögnum þarf að liggja fyrir.
- Lýsa skal í verk- og tímaáætlun helstu vörðum sem marka skil á milli áfanga í verkefninu. Þegar um er að ræða verkefni, þar sem sótt er um styrk til tveggja eða þriggja ára, skal skilgreina og lýsa vörðum í lok fyrsta, annars

og þriðja styrkårs. Hér má vísa í nánari lýsingu á vinnupökkum og vörðum í lið 3.2 í rafræna umsóknareyðublaðinu.

- Gera skal grein fyrir samstarfi innan verkefnis, bæði milli ólíkra vísindamanna og rannsóknarmanna, sem og hvort um virkt samstarf milli háskóla, fræðasviða stofnana og fyrirtækja sé að ræða. Lýsa skal sérstaklega alþjóðlegu samstarfi í verkefninu.
- Upplýsingar, ef við á, um hvaða hlutar verkefnisins eru doktors- eða meistara-verkefni, við hvaða skóla og deild nemarnir leggja stund á námið og í hverju framlag þeirra er fólgið í verkefninu.
- Gera skal grein fyrir og færa rök fyrir áætluðum ávinningi af nýtingu niðurstaðna verkefnisins. Ávinningur getur verið þekkingarlegur, umhverfislegur, hagrænn, félagslegur o.s.frv. Afrakstur verkefna eru mælanlegar „einingar“ sem koma út úr verkefninu. Dæmi um afrakstur eru: birtar vísindagreinar, ritverk, háskólagráður, hugbúnaður, gagnagrunnar, frumgerðir, framleiðsluaðferðir, ný framleiðsluefni, einkaleyfi, líkön, rannsóknaraðferðir, styrking vísindakenninga o.fl.
- Gera skal grein fyrir hvernig staðið verður að kynningu niðurstaðna og birtingu þeirra í fagritum, skýrslum, ráðstefnum, o.s.frv., og hvort, og þá hvernig, eignarréttur niðurstaðna verður verndaður. Gera skal grein fyrir hvernig lögum um opið aðgengi að niðurstöðum verður framfylgt.
- Gera skal grein fyrir siðfræðilegum álitamálum ef við á.

## Viðhengi B. Ferilskrá

Ferilskrá skal vera hnitmiðuð og gefa upplýsingar sem nýtast við mat á umsókn. Mælt er með sniðmáti Europass<sup>7</sup>. Ferilskráin skal innihalda upplýsingar um núverandi stöðu umsækjanda auk upplýsinga um menntun og þjálfun, leiðbeiningu framhaldsnema, fyrri stöður og viðurkenningar, lista yfir birtingar og slóð á gagnagrunn með upplýsingum um “h-index”

<sup>7</sup> <https://www.erasmusplus.is/menntun/stodverkefni/europass>,  
<https://europass.cedefop.europa.eu/is>

eða sambærilegt. Gera skal grein fyrir hléum sem orðið hafa á ferli vegna foreldraleyfis, veikindaleyfis eða annars.

### Viðhengi C. Samstarfsyfirlýsing

Undirrituð staðfesting þeirra sem skráðir eru sem “aðrir umsækjendur” (e. *other participants*) í umsókn, þar sem tilgreina skal í hverju þátttaka þeirra í verkefninu felst. Meðumsækjendur (e. *co-proposers*) þurfa ekki að senda inn slíka staðfestingu enda fylgir ferilskrá þeirra umsókn og þeir fá tilkynningu þegar umsóknin er send inn.

### Viðhengi D. Yfirlýsing gestgjafastofnunar

Yfirlýsing frá gestgjafastofnun um að umsækjandi muni hafa starfsaðstöðu þar verði styrkur veittur. Þetta gildir ef sótt er um rannsóknastöðustyrk.

### Viðhengi E. Doktorsskírteini

Doktorsskírteini þarf að berast sjóðnum í síðasta lagi 1. desember 2019 ef sótt er um rannsóknastöðustyrk.

### Viðhengi F. Staðfesting á doktorsnámi

Staðfesting frá rannsóknastjóra, Nemendaskrá Háskóla Íslands eða sambærilegri skrifstofu um að umsækjandi hafi verið samþykktur inn í doktorsnám. Þetta gildir ef sótt er um doktorsnemastyrk.

## 2.4 TÍMASETNINGAR

Umsóknarfrestur fyrir umsóknir í Rannsóknasjóð er auglýstur með a.m.k. 6 vikna fyrirvara. Áætlaðar tímasetningar fyrir umsýsluferli umsókna fyrir styrkarið má sjá á mynd 1.



Mynd 1. Áætlaðar tímasetningar fyrir styrkarið 2020

## 2.5 MAT Á NÝJUM UMSÓKNUM

Umsækjendur eru hvattir til að lesa kafla 3 til 5 - *Matsferli nýrra umsókna, Leiðbeiningar til fagráðsmanna* og *Leiðbeiningar til ytri matsmanna* þar sem matsviðmið sem fagráð og ytri matsmenn styðjast við eru útlistuð.

## 2.6 FAGRÁÐ RANNSÓKNASJÓÐS

Sjö fagráð munu fjalla um umsóknir styrkarsins (tafla 2). Vísindanefnd<sup>8</sup> skipar allt að sjö virka vísindamenn í hvert fagráð og eru þeir valdir vegna sérfræðiþekkingar á viðkomandi sviði. Umsækjendur velja fagráð sem þeir vilja að umsóknir séu metnar í og þeir geta merkt við allt að þrjú undirflokk. Sérfræðingar Rannsóknasjóðs getur stungið upp á öðru fagráði en umsækjandi hefur valið, séu efnisleg rök fyrir því. Umsóknir eru ekki fluttar milli fagráða án samþykkis verkefnisstjóra. Frekari upplýsingar um vinnu fagráða má finna í kafla 4 - *Leiðbeiningar til fagráðsmanna*.

Umsækjendur mega ekki undir neinum kringumstæðum hafa samband við fagráðsmenn meðan á matsferli stendur. Spurningum varðandi einstök fagráð og fagsvið skal beint til sérfræðinga Rannsóknasjóðs. Hafi umsækjandi samband við fagráðsmann vegna umsóknar verður hún tekin úr matsferli.

<sup>8</sup> <https://www.stjornarradid.is/verkefni/visindi-nyskopun-og-rannsoknir/visinda-og-taeknirad/visindanefnd/>

## 2.7 FJÖLFAGLEGAR UMSÓKNIR

Fjölfagleg verkefni samþætta viðfangsefni, kenningar og/eða rannsóknaraðferðir frá tveimur eða fleirum mismunandi fræðasviðum. Þegar sótt er um styrk fyrir fjölfaglegt verkefni velur umsækjandi það fagråd sem hann telur að best henti til að fjalla um umsóknina, en gerir einnig grein fyrir því í hverju fjölfaglegi þátturinn felst og hverjir munu bera ábyrgð á mismunandi fagsviðum í verkefninu. Forsenda þess að verkefni sé metið sem fjölfaglegt er að umsækjendur komi frá öllum þeim fræðasviðum sem tiltekin eru í umsókn.

## 2.8 TILKYNNING TIL RANNSÓKNASTJÓRA

Þegar umsókn er skilað inn í umsóknarkerfið fær rannsóknastjóri viðkomandi stofnunar, eða sá sem tilgreindur er í hans stað, upplýsingar um nafn og númer umsóknar ásamt nafni verkefnisstjóra.

## 3 MATSFERLI NÝRRA UMSÓKNA

### 3.1 SKIPUN FAGRÁÐA

Vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs skipar fagråd Rannsóknasjóðs. Hvert fagråd er skipað allt að sjö einstaklingum með a.m.k. dósentshæfi og víðtæka reynslu af rannsóknnum. Að minnsta kosti tveir fagráðsmenn í hverju fagráði skulu vera starfandi utan Íslands. Við skipun fagráða er gætt að faglegri breidd og að því að kynjahlutfall sé sem jafnast.

Vísindanefnd skipar formann fagráðs úr röðum fagráðsmanna. Formaður ber ábyrgð á, með hjálp umsjónarmanns fagráðs, að samræma vinnu fagráðsins og að fagráðið vinni samkvæmt stefnu og hlutverki Rannsóknasjóðs og almennum siðareglum. Eftir að fagráðin hafa verið skipuð eru nöfn fagráðsmanna birt á vef Rannís.

### 3.2 MEÐHÖNDLUN UMSÓKNA

#### 3.2.1 FORSKOÐUN

Umsóknirnar eru forskoðaðar af umsjónarmönnum sjóðsins. Ófullgerðum umsóknnum og umsóknnum þar sem ekki hefur verið farið eftir reglum sjóðsins er vísað frá án frekara mats og er umsækjanda tilkynnt um slíkt.

Fagråd	Fagsvið
<b>Raunvísindi og stærðfræði</b>	Raunvísindi Efnfræði Nano-tækni Jarðvísindi og tengd umhverfsvísindi Stærðfræði
<b>Verkfræði og tæknivísindi</b>	Iðnaðarlíftækni Umhverfisverkfræði Tölvu- og upplýsingatækni Umhverfislíftækni Byggingarverkfræði Efnisverkfræði Vélaverkfræði Heilbrigðisverkfræði Rafmagnsverkfræði, rafeindatækni, upplýsingatækni Efnaverkfræði Önnur verkfræði og tækni
<b>Náttúruvísindi og umhverfsvísindi</b>	Lífvísindi (grasafræði, dýrafræði, fuglafræði, skordýrafræði, atferlisfræði, sjávarlíffræði, ferskvatnslíffræði, vatnalíffræði, vistfræði, verndun líffræðilegs fjölbreytileika, þróunarfræði) Landbúnaður, skógrækt og sjávarútvegur Landbúnaður og líftækni Önnur landbúnaðarvísindi Dýra- og mjólkurfræði Önnur náttúruvísindi Dýralæknir
<b>Lífvísindi</b>	Læknisfræði Dýrasjúkdómafræði Lífvísindi (frumulíffræði, ónæmisfræði, örverufræði, veirufræði, lífefnafræði, sameindarlíffræði, aðferðir í lífefna- og sameindarlíffræði, sveppafræði, líffræðileg eðlisfræði, erfðafræði)
<b>Klínískar rannsóknir og lýðheilsa</b>	Klínísk læknisvísindi Lýðheilsa Heilbrigðisvísindi Heilbrigðislíftækni Önnur læknisvísindi
<b>Félagsvísindi og menntavísindi</b>	Hagfræði og viðskiptafræði Menntavísindi Lögfræði Stjórn málafræði Félagslandfræði og hagræn landfræði Sálfræði Fjölmíðla- og samskiptafræði Félagsfræði Önnur félagsvísindi
<b>Hugvísindi og listir</b>	Sagnfræði og fornleifafræði Málvísindi og bókmenntir Listir (myndlist, listasaga, sviðslistir, tónlist) Heimspæki, siðfræði og trúarbragðafræði Önnur hugvísindi

Tafla 2. Fagråd Rannsóknasjóðs fyrir styrkárið 2020

#### 3.2.2 FAGLEGT MAT Á UMSÓKNUM

Allar umsóknir eru metnar af viðeigandi fagráði sem leitar álits hjá tveimur eða fleiri ytri matsmönnum fyrir umsóknir um verkefnis- öndvegis- og rannsóknastöðustyrki. Doktorsnemaumsóknir eru metnar innan fagráðs. Fagráðið afgreiðir hverja umsókn með rökstuddri, skriflegri greinargerð og forgangsraðar umsóknnum á grunni hins faglega mats (sjá kafla 4 - *Leiðbeiningar til fagráðsmanna*).

### 3.2.3 ÁKVÖRÐUN UM STYRKVEITINGU

Eftir að fagráðið hefur lokið störfum sínum fundar formaður fagráðsins með stjórn Rannsóknasjóðs þar sem hann gerir grein fyrir fagráðsvinnunni og hvort álitamál hafi komið upp við mat umsókna. Formaður gerir sérstaklega grein fyrir umsóknum sem flokkaðar voru í A flokk. Stjórnin tekur ákvarðanir um fjárveitingar úr Rannsóknasjóði að fengnum umsögnum fagráða. Stjórnin leitar ráðgjafar umfram það sem fagráð sjóðanna geta veitt ef þurfa þykir. Til viðbótar hinu faglega mati, sem fagráð skilar, skal stjórn Rannsóknasjóðs miða umfjöllun sína við almennar áherslur Vísinda- og tækniráðs, úthlutunarstefnu sjóðsins sem samþykkt er af vísindanefnd og fjárframlögum í sjóðinn. Þegar úthlutun liggur fyrir fá umsækjendur svarbréf í hendur með lokamati fagráðs.

Ákvörðun stjórnar um veitingu styrkja úr Rannsóknasjóði eru endanlegar. Samkvæmt 4. grein laga nr. 3 frá 2003 sæta ákvarðanir stjórnar Rannsóknasjóðs um styrkveitingu eða höfnun ekki stjórnarsýslukæru.

## 3.3 EFTIR AÐ STYRKUR ER VEITTUR

### 3.3.1 STYRKVEITINGAR

Styrkveitingar eru birtar á vef Rannís og þar er einnig hægt að leita í gagnagrunni sjóðsins að fyrri úthlutunum.

### 3.3.2 DREIFING ÁRLEGRA GREIÐSLNA STYRKTRA VERKEFNA

- Fyrsta greiðsla (40%) greiðist við undirritun samnings.
- Önnur greiðsla (40%) greiðist í september.
- Þriðja greiðslan (20%) er greidd þegar ársskýrsla/lokaskýrsla hefur verið samþykkt.

### 3.3.3 FRAMVINDUSKÝRSLUR

Verkefnisstjóri er ábyrgur fyrir skilum á ársskýrslu fyrir 1. febrúar eftir að styrkári lýkur og lokaskýrslu fyrir 10. febrúar ári eftir að lokastyrkári lýkur. Skýrslurnar eru yfirfarnar af sérfræðingum

Rannsóknasjóðs sem gera tillögur til stjórnar um hvernig áframhaldandi stuðningi við verkefnið skuli háttað. Starfsfólk sjóðsins getur farið fram á frekari upplýsingar og skýringar frá styrkþegum og ráðfært sig við viðkomandi fagráð ef þörf krefur. Lokagreiðslan, 20%, er greidd við samþykkt skýrslunnar. Sé skýrsla ekki samþykkt getur stjórn sjóðsins rift samningi við styrkþega og farið fram á endurgreiðslu styrkfjár. Sniðmát fyrir ársskýrslur og lokaskýrslur má finna á vefsíðu sjóðsins<sup>9</sup>.

### Ársskýrslur

Í ársskýrslu skal gera grein fyrir áföllnum kostnaði og fjármögnun viðkomandi styrkars og áætluðum kostnaði og fjármögnun komandi styrkars. Allar meiriháttar breytingar á verkefninu (þ.m.t. foreldraorlof eða veikindaleyfi þátttakenda) skulu útskýrðar og breytingar á rannsóknáætlun rökstuddar. Samþykktar stjórnar er krafist fyrir flutningi á meira en 20% heildarupphæðar styrks milli mismunandi kostnaðarliða. Ársskýrslu skal fylgja hreyfingalisti fjármagns vegna verkefnisins á styrkárinu. Sniðmát fyrir ársskýrslu er að finna á vefsíðu sjóðsins<sup>9</sup>.

### Lokaskýrslur

Við verkefnislok skal skila lokaskýrslu þar sem greint er frá framvindu verkefnisins, lokaniðurstöðum og ályktunum. Nákvæmt kostnaðaryfirlit (sundurliðuð tafla) og hreyfingalisti skulu fylgja skýrslu og gerð grein fyrir frávikum frá upphaflegri áætlun. Sniðmát fyrir kostnaðaryfirlit er að finna á vefsíðu sjóðsins<sup>9</sup> ásamt sniðmáti fyrir lokaskýrslu.

## 4 LEIÐBEININGAR TIL FAGRÁÐSMANNA

Hlutverk fagráða Rannsóknasjóðs er að meta umsóknir sem berast sjóðnum út frá vísindalegu gildi verkefna, færni og aðstöðu umsækjenda til að framkvæma verkið og líkum á að verkefnið skili mælanlegum árangri og ávinningi. Fagráð afgreiða hverja umsókn með skriflegri greinargerð og forgangsraða umsóknum á grunni hins faglega mats.

<sup>9</sup><https://www.rannis.is/sjodir/rannsoknir/rannsokn-asjodur/upplýsingar-til-styrktheega/>

#### 4.1 RAFRÆNT MATSKERFI

Fagráðsmenn fá aðgang að rafrænu matskerfi Rannsóknasjóðs. Þar er að finna allar umsóknir sem bárust fagráðinu, viðeigandi fylgigögn og matsblað fagráðs. Til að fá fullan aðgang að öllum gögnum þarf fagráðsmaður fyrst að samþykkja trúnaðaryfirlýsingu og merkja við vanhæfi gagnvart þeim umsóknum sem hann er vanhæfur til að fjalla um. Fagráðsmenn fá ekki aðgang að fylgiskjólum umsókna sem þeir eru vanhæfir til að meta.

#### 4.2 MATSFERLIÐ

Umsóknum sem berast fagráði er skipt niður á fagráðsmenn. Þrír lesarar innan fagráðsins eru skráðir á hverja umsókn en allir fagráðsmenn eru hvattir til að kynna sér allar umsóknir fagráðsins. Fyrsti lesari ber ábyrgð á að finna ytri matsmenn til að meta umsóknina; að minnsta kosti tvo sérfræðinga fyrir umsóknir um verkefnisstyrki og rannsóknastöðustyrki og að minnsta kosti þrjá fyrir umsóknir um öndvegisstyrki. Umsóknir um doktorsnemastyrki eru metnar innan fagráðs. Ytri matsmenn skulu vera starfandi utan Íslands. Við val á ytri matsmönnum er stuðst við sérfræðiþekkingu viðkomandi vísindamanns og birtingalista. Fyrsti lesari umsóknar gengur úr skugga um að ekki sé um

Flokkur	Umsögn
A1	Einstaklega sterk umsókn nánast án veikleika
A2	Sérlega sterk umsókn með léttvægum veikleikum
A3	Mjög sterk umsókn með minni háttar veikleikum
A4	Sterk umsókn en með fjölda minni háttar veikleika
B	Takmörkuð áhrif – Sterk umsókn, en alla vega einn takmarkandi veikleiki
C	Lítill áhrif – Fáir styrkleikapunktur en margir veikleikar

Tafla 3. Styrkleikaflokkar fagráða

vanhæfi að ræða milli umsækjanda og ytri matsmanns. Ytri matsmaður þarf síðan að staðfesta að ekki sé um vanhæfi að ræða. Umsækjendur hafa

möguleika á að tilgreina í rafræna umsóknareyðublaðinu hvaða sérfræðingar megi ekki koma að mati umsóknar og ástæður þess. Ekki verður haft samband við þá sérfræðinga. Í stað þess að gefa upp nafn umrædds sérfræðings má gefa kenninúmer hans sem finna má á matsblöðum frá ytri matsmönnum.

Þegar ytri matsmaður hefur samþykkt að meta umsókn fær hann aðgang að vefgátt með öllum nauðsynlegum upplýsingum varðandi umsóknina. Hlutverk ytri matsmanns er að meta faglega alla þætti umsóknarinnar. Þegar allar umsóknir hafa verið metnar af ytri matsmönnum og lesurum viðkomandi fagráðs eru skrifuð drög að umsögn fagráðsins. Fagráðið hittist síðan á fundi í húsakynnum Rannís. Umsækjendur fá senda umsögn fagráðs þegar stjórn Rannsóknasjóðs hefur ákveðið úthlutun ársins.

#### 4.3 FAGRÁÐSFUNDIR

##### Fyrir fagráðsfundi

Þrír lesarar úr fagráðinu skrifa umsögn og mat á hverri umsókn í rafræna matskerfið. Með hliðsjón af umsögn lesaranna úr fagráðinu og ytri matsmanna útbýr fyrsti lesari samantekt um styrkleika og veikleika þeirra umsókna sem hann er ábyrgur fyrir.

##### Á fagráðsfundum

Fagráðsmenn sem lýst hafa sig vanhæfa til að fjalla um umsókn yfirgefa fundarherbergið þegar viðkomandi umsókn er rædd og er það skjalfest í fundargerð umsóknarmanns fagráðs. Á fagráðsfundum kynnir fyrsti lesari umsóknina, bakgrunn ytri matsmanna, mat þeirra og eigin umsögn. Að þessu loknu koma annar og þriðji lesari með sínar athugasemdir og fagráðið ræðir matið og gengur frá lokaumsögn. Umsögnin skal vera uppbyggileg og þannig úr garði gerð að umsækjandi hafi sem mest gagn af.

Þegar fagráðið hefur rætt allar umsóknirnar er þeim forgangsraðað á grundvelli styrkleikaflokka. Einkunn er gefin í samræmi við heildarmat fagráðsins á umsókninni (sjá töflu 3).

Útbúinn er listi yfir hverja styrktegund fyrir sig og umsóknum raðað í flokkana þrjá: A (A1-A4), B og C. Undirflokkur A1 er ætlaður afburðaumsóknum. Til

viðmiðunar má búast við að í mesta lagi fari um 5% í undirflokk A1.

### Eftir fagráðsfundi

Formaður fagráðs staðfestir lokamat fagráðs og kynsir matsferli og niðurstöður fyrir stjórn Rannsóknasjóðs sem tekur ákvörðun um styrkveitingu.

Umsagnir ytri matsmanna sem berast eftir fagráðsfundi en fyrir stjórnarfund eru ræddar af fagráðsmönnum í gegnum fjarfundabúnað. Einkunn umsóknar er staðfest eða breytt í samræmi við þá umræðu.

## 5 LEIÐBEININGAR TIL YTRI MATSMANNA

### 5.1 ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Hvert fagráð fyrir sig metur allar umsóknir sem berast fagráðinu og forgangsraðar byggt á umræðum fagráðs og ytra mati. Umsóknir um verkefnisstyrki og rannsóknastöðustyrki eru að öllu jöfnu metnar af tveimur ytri matsmönnum en öndvegisstyrksumsóknir eru metnar af minnst þremur ytri matsmönnum.

**Allir matsmenn sem taka þátt í mati á umsóknum í Rannsóknasjóð skulu lesa kafla 1 - *Almennar upplýsingar varðandi Rannsóknasjóð* og kafla 3 - *Matsferli nýrra umsókna* í handbókinni.**

Ekki er greitt fyrir vinnu ytri matsmanna.

#### 5.1.1 NAFNLEYND YTRI MATSMANNA

Samkvæmt upplýsingalögum (nr. 140/2012) er Rannís ekki heimilt að neita umsækjendum um nöfn ytri matsmanna en þær upplýsingar eru einungis veittar ef sérstaklega er óskað eftir þeim. Ytri matsmaður verður látinn vita ef óskað er eftir upplýsingum um nafn hans.

#### 5.1.2 VANHÆFI

Ytri matsmenn eru ábyrgir fyrir því að koma auga á kringumstæður sem skapa þeim vanhæfi við að fjalla um umsóknir í Rannsóknasjóð. Til að skoða þessi gögn þarf ytri matsmaður fyrst að samþykkja trúnaðaryfirlýsingu og staðfesta að hann sé ekki vanhæfur til að fjalla um umsóknina.

### 5.2 YTRI MATSMENN – LEIÐBEININGAR

Matsblaði ytri matsmanna er skipt í fjóra hluta:

#### Umsókn

Hér er að finna sjálfa umsóknina, verkefnislýsingu og önnur fylgigögn nauðsynleg fyrir matið.

#### Matsþættir

Hér er að finna þættina sem meta á. Mikilvægt er að gagnrýni sé skýr og mat uppbyggilegt. Tafla 4 er höfð til hliðsjónar við tölulegt mat á hverjum þætti. Hafa ber eftirfarandi í huga við mat á umsóknum:

#### Nýnæmi og áhrif verkefnisins

- Nýnæmi markmiðs, rannsóknaspurningar/ tilgátu og nálgun.
- Möguleg áhrif verkefnis á fræðasviðið og samfélagið.
- Afurðir (svo sem vísindagreinar, bækur eða einkaleyfi). Kynningu niðurstaðna fyrir almenningi og hagsmunaaðilum.

#### Vísindaleg gæði og raunhæfi

- Vísindaleg gæði verkefnis.
- Er verkefnið ítarlegt t.d. í skilgreiningu á rannsóknaspurningu og hvernig eigi að svara henni? eru markmið skýr?
- Raunhæfi og mikilvægi verkefnis. Framkvæmd verkefnis, skipting í verkþætti, vörður og afurðir.

#### Verkefnisstjóri og aðrir þátttakendur

- Þekking, reynsla og hæfni verkefnisstjóra og annarra þátttakenda á fræðasviði verkefnisins.
- Reynsla af innlendu og erlendu samstarfi.
- Rannsóknarumhverfi, innviðir og aðföng.
- Skipurit verkefnisstjórnar og samhæfing verkefnis.
- Þáttur framhaldsnema.

#### Áhrif á starfsþróun (á við um rannsóknastöðustyrki)

- Hvernig miðar verkefnið að starfsþróun umsækjanda?
- Framtíðarsamstarf við gestgjafastofnun.

#### Samantekt

Samantekt um styrkleika og veikleika umsóknar.

### Staðfesting

Hér fara ytri matsmenn yfir matstexta og staðfesta. Umsögnin vistast þar með í gagnagrunn Rannís og verður aðgengileg fagráði.

Flokkur	Umsögn
5 - Framúrskarandi	Einstaklega sterkt, nánast án veikleika
4 - Mjög gott	Mjög sterkt með fáa minni háttar veikleika
3 - Gott	Sterkt en með fjölda minni háttar veikleika
2 - Sæmilegt	Sterkir punktar, en alla vega einn takmarkandi veikleiki
1 - Áfátt	Fáir styrkleikar og margir veikleikar

Tafla 4. Styrkleikaflokkar ytra mats



## VIÐAUKI 1

# Úthlutunarstefna Rannsóknasjóðs

*Samþykkt í vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs í maí 2016 til birtingar í heild sinni með úthlutunarreglum sjóðsins.*

Með breytingum á lögum nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir voru Rannsóknasjóður og Rannsóknarnámssjóður sameinaðir undir heitinu Rannsóknasjóður. Í 2. gr. laganna segir: „Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir og rannsóknartengt framhaldsnám á Íslandi. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn nemendur í rannsóknartengdu framhaldsnámi og skilgreind rannsóknarverkefni einstaklinga, rannsóknarhópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja. Rannsóknasjóður veitir styrki samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs og á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknarverkefna, færni þeirra einstaklinga sem stunda rannsóknirnar og aðstöðu þeirra til að sinna verkefninu. Ákvörðun um styrkveitingu skal bundin hinu faglega mati.“

Hlutverk vísindanefndar varðandi úthlutunarstefnu Rannsóknasjóðs kemur fram í 6. gr. laga nr. 3/2003 með áorðnum breytingum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir. Þar segir: „Vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs markar úthlutunarstefnu Rannsóknasjóðs og Innviðasjóðs samkvæmt áherslum Vísinda- og tækniráðs. Stjórn sjóðanna gefur út reglur um umsóknir, málsmeðferð þeirra og úthlutun eigi síðar en sex vikum fyrir lok umsóknarfrests viðkomandi sjóðs og skulu þær kynntar ráðherra. Í reglunum skulu koma fram skilyrði umsókna og áherslur Vísinda- og tækniráðs.“

Vísinda- og tækniráð varð til með lögum nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir. Ráðið er skipað til þriggja ára í senn og markar stefnu stjórnvalda fyrir skipunartímabilið. Ráðið vinnur samkvæmt áætlun fyrir tímabilið 2014-2016. Vísindanefnd vill þó árétta þá áherslu fyrra ráðs að opinber framlög til vísinda og nýsköpunar taki mið af gæðum og árangri og að gagnsæi og faglegt mat gildi við úthlutanir úr samkeppnissjóðum.

Rannsóknasjóður veitir styrki samkvæmt ákvæðum laga nr. 3/2003 með áorðnum breytingum og stefnu Vísinda- og tækniráðs. Vísindanefnd leggur áherslu á að við mat á umsóknum vegi eftirfarandi atriði þungt:

- Rannsóknarverkefni skuli styrkt eftir gæðum sem metin eru eftir vísindalegu gildi, færni og aðstöðu umsækjenda og líkum á að verkefnið skili mælanlegum árangri og ávinningi.
- Verkefni sem uppfylla gæðaviðmið og unnin eru í virku samstarfi fyrirtækja, háskóla, fræðasviða og stofnana, njóti að öðru jöfnu, forgangs að styrkjum úr samkeppnissjóðum.
- Sérstaklega verði hugað að
  - Nýliðun í hópi vísindamanna og að sjóðurinn leggi sérstaka áherslu á stuðning við ungt vísindafólk.
  - Kynjahlutfalli í hópi vísindamanna og að sjóðurinn leggi sérstaka áherslu á að jafna stöðu kynjanna.
- Sjóðnum er heimilt að taki tillit til aðstæðna umsækjenda, hvort sem þeir starfa sjálfstætt eða innan háskóla, stofnana eða fyrirtækja. Hér er meðal annars vísað til þess að aðgangur umsækjenda að nemendum í rannsóknartengdu námi getur verið mismunandi.

Niðurstöður rannsókna sem kostaðar eru með styrkjum úr Rannsóknasjóði skulu birtar í opnum aðgangi og vera öllum tiltækar nema um annað sé samið.